

Aðalfundur Félags fornleifafræðinga – 9 nóvember 2017

Fundurinn var haldinn á Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Mættir voru 26 aðalfélagar og 10 aukafélagar. Fundur var settur klukkan 18:02

Kosning fundarstjóra

Stefán Ólafsson kosinn fundastjóri og Lilja Laufey Davíðsdóttir kosin fundaritari með lófataki.

Fyndastjóri kynnti formann félagsins fyrsta á svið. Formaður tók þá orðið. Fyrsta mál á dagskrá var að láðst hafi að auglýsa tvo dagskrárliði í tölvupóstinum sem sendur var út fyrir aðalfundinn og var fólk beðið um að samþykka að við myndum kjósa um þessa tvo liði á fundinum. Þetta voru kosning endurskoðenda og kosning í síðanefnd. Bæði atriði voru samþykkt og voru tekin upp í lok fundar undir liðnum önnur mál.

Nýir félagar samþykktir

Nýjir félagar voru samþykktir með lófataki. Nýjir félagar eru:

Nýjir aðalfélagar:

Angelos Parigoris

Nýjir aukafélagar:

Arthur Knut Farestveit

Breki Bragason

Indriði Skarphéðinsson

Katrín Georgsdóttir

Signý Æsa Káradóttir

Védís Eir Snorradóttir

Skýrsla liðins árs

Fundastjóri kynnti þá næsta dagskrárlið sem er skýrsla stjórnar og var það formaður félagsins, Sólrún Inga Traustadóttir sem sagði frá þeim viðburðum og fundum sem hafa farið fram á árinu.

Helstu viðburðir síðasta stjórnarárs voru þessir:

Afmælishátíð Kristjáns Eldjárns. 6. desember 2016 var haldin afmælishátíð til heiðurs Kristjáni Eldjárn í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Félagið bauð síðar um kvöldið uppá bío í Bío Paradís þar sem sýndir voru tveir þættir Kristjáns úr þáttaröðinni Munir og minjar; Tóbaksnotkun og Grænlandssýningin. Boðið var upp á léttar veitingar.

Fyrirlestrarröð. Á vorönn 2017 hélt félagið fyrirlestrarröð í samstarfi við námsbraut fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafnið, þar sem þemað var Nýjar rannsóknir í fornleifafræði. Alls voru 11 fyrirlestrar fluttir og eiga flestir að vera inni á Youtube síðu félagsins. Fyrirlestrarröðin heppnaðist mjög vel og var oftast vel sótt. Stefnum á að halda þessu áfram á næsta ári og munum auglýsa eftir erindum fljótlega svo við getum sett saman dagskrána. [Youtube rás Félags fornleifafræðinga](#)

Vorfagnaður. Vorfagnaðurinn var haldinn 12. maí og hélt Bjarni F. Einarsson fornleifaerindi um fornleifarannsóknir á Stöð í Stöðvarfirði. Vel var mætt á erindið og bauð félagið upp á mat og drykk eftir erindið.

Aukaaðalfundur. Aukaaðalfundur var settur í dagskrá á vorfagnaðinum en á honum var kosið í stjórn Ólafusjóðs sem sér um að halda utanum fjárveitingu til útgáfu ritsins, Ólafu. Stjórnina skipa: Margrét Björk Magnúsdóttir formaður, Guðrún Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi og prókúruhafi, Jakob Orri Jónsson, meðstjórnandi. Atli Rúnarsson og Sigurður Snæbjörn Stefánsson eru varamenn.

Fréttablaðið óskaði eftir viðbrögðum frá félaginu varðandi fjárlög þáverandi ríkisstjórnar til fornleifarannsókna en m.a. kom fram í greininni að sjóðurinn hefði ekki hækkað lengi og að þessi upphæð, 45 milljónir sé sorglega lág fyrir þekkingarsköpun í landinu. Fram kom að fornleifarannsóknir geti varla farið fram án aðstoðar sveitarfélaga, áhugamannafélaga eða einstaklinga. Einnig var minnst á að vinnan að baki umsókna sé mikil og virðist sem fornleifafræðingar séu hreinlega að gefast upp og það sést vel á fjölda umsókna á milli ára, en frá því árinu áður hafði þeim fækkað töluvert, eða úr 75 í 50.

Fyrirlestur Tilley féll niður ☹

Fundur með Ríkisendurskoðun sem er að gera stjórnsýslu úttækt á fornleifavernd. Gestur Páll Reynisson og Hrafnhildur Ragnarsdóttir sátu fundinn ásamt Sólrúnu Ingu Traustadóttir, Ástu Hermannsdóttur og Lilju Laufeyju Davíðsdóttir. Þau höfðu þegar talað við Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn og nokkra fornleifafræðinga, þegar stjórnin átti fund með þeim. Helstu mál sem rædd voru á fundinum voru:

1. **Fornminjasjóður** – Lítil sjóður. Erfitt þegar verkefni fá aðeins helming eða hluta þess styrk sem sótt er um. Aðal málið er þó að Húsafriðunarsjóður nýtur fjármögnunar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á meðan fornminjasjóður fær einöngu framlag úr ríkissjóði. Einnig ætti ekki að sækja fé í þennan sjóð fyrir björgunarrannsóknir. Ríkið þarf að bera meiri ábyrgð á minjum sem eru að hverfa vegna náttúruafla, ekki einungis friðlýstum minjum. Það ætti að vera sér björgunarrannsóknarsjóður.
2. **Fornleifaskráning**. Það þarf að vera samræmi á milli skráningaverkefna varðandi kostnað landeiganda. Það gengur ekki að Jón bóndi þurfi ekki að borga fyrir skráningu en bóndinn á næsta bæ, hún Sigríður, þarf að borga fyrir skráningu á sinni jörð. Þá lenda fornleifafræðingar oft í því að þurfa að svara fyrir þetta þegar þeir koma og vinna verkin.
3. **Rannsóknarhlutverk safna** – Styðjum að byggðasöfn stundi fornleifarannsóknir og að Þjóðminjasafnið stundi meiri rannsóknir en þau gera í dag, líkt og þau gerðu hér áður fyrr.
4. **Samskipti innan stofnanna MÍ og ÞJMS og fornleifafræðinga**. Samskipti milli stofnanna og fornleifafræðinga virðast almennt ganga mjög vel. Gestur spurði um hvernig viðmót ráðuneytisins í garð stéttarinnar og þá nefndi stjórnin hvernig Ragnheiður Þórarins talaði um stéttina á farskóla FÍSOS. Í framhaldinu kom afsökunarbeiðni þar sem Ragnheiður bað stjórnina og stétt fornleifafræðinga innilegrar afsökunar á þessum ummælum.

Kynning fyrir Kuml – Stjórn Félags fornleifafræðinga hitti nemendafélagið Kuml á Big Lebowski og kynnti starfsemi félagsins og ritið Ólafíu. Alls voru þá 6 nemendur sem skráðu sig í félagið.

Hvað er framundan?

Málþing Kristjáns Eldjárns fer fram 8. des í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnisins og mun það fjalla um minjavörslu. Í kjölfarið mun Ólafía VI koma út og fjallar um sama efni.

Fyrirlestrarröð á vorönn – Nýjar rannsóknir í fornleifafræði

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og Ólafíu

Fundastjóri kynndi þá gjaldkera félagsins næsta á svið, Hrönn Konráðsdóttur, til þess að fara yfir endurskoðaða reikning félagsins. Hrönn las upp reikninga félagsins. Þar kom fram að það gegni mjög vel að fá inn félagsgjöldin og að nú væru 100 aðalfélagar og 30-35 aukafélagar í félaginu.

Gjaldkeri fór einnig yfir reikninga Ólafíu og er inneign á Ólafíreikningunum 67.027 kr. Reikningarnir voru samþykktir með lófaklappi.

Kosning í stjórn

Fundastjóri kynnti næsta lið sem var kosning í þau embætti í stjórn sem voru laus þessu sinni. Það voru varaformaður, gjaldkeri, meðstjórnandi og varamaður í stjórn.

1. Varaformaður
 - Ásta Hermannsdóttir var endurkjörin sem varaformaður.
2. Gjaldkeri
 - Fráfarandi gjaldkeri er Hrönn Konráðsdóttir. Jakob Orri gaf kost á sér í embætti gjaldkera og var samþykktur með lófataki.
3. Meðstjórnandi
 - Ármann Dan hefur gegnt þessu embætti síðustu tvö ár og býður sig fram afur. Hann var samþykktur með lófataki.
4. Varamaður
 - Gylfi Björn hefur sinnt embættinu í 2 ár en er nú í námi erlendis. Hrönn Konráðsdóttir bauð sig fram sem varamaður og var samþykkt með lófataki.

Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt: 3000 kr fyrir aðalfélaga og 1500kr fyrir aukafélaga. Tillagan var sammþykkt með lófataki.

Tillögur að lagabreytingum

Þá kynnt fundastjóri næsta lið fundsins, tillögur að lagabreytingum og var það formaður félagsins, Sólrún Inga formaður sem kynnti þær. Lagabreytingar sem stjórnin hefur komið með og var 10 grein rædd fyrst. Breytingin snéri að því að setja í lög að rit Ólafí sé gefið út annað hvert ár. Breytingar samþykktar með lófataki.

Breyting á 10 gr.

Félag fornleifafræðinga gefur út ritröðina Ólafíu. Stefnt skal að útgáfu þess **annað** hvert ár. Hvert rit skal að öllu jöfnu tileinkað ákveðnu þema og birtir efni því tengdu í formi fræðigreina eða ritgerða. Ritstjóri hvers heftis er kosinn á aðalfundi **annað** hvert ár auk tveggja fulltrúa í ritnefnd sem verða ritstjóra innan handar við útgáfu heftisins. Ritið skal vera ritrýnt þegar þema þess miðast við birtingu stakra greina, sem ekki hafa verið gefnar út áður. Efni þess skal að öllu jöfnu vera ritað á íslensku til þess að skapa hefð fyrir notkun hugtaka í fornleifafræði á íslensku. Heimilt er að birta greinar í því á öðrum tungumálum. Ólafía er gefin út fyrir fé úr styrktarsjóði Ólafíu Einarsdóttur, sjálfsaflafé í formi styrkja, sölutekna og annarra framlaga. Fjárhagur ritsins skal vera sjálfstæður og óháður fjárhag félagsins.

Næst var rætt um breytingu á grein 8 í lögnum. Þar var talað um að lagabreytingin væri kannski óþörf af því að þetta væri sjálfgefið. Spurt var hvort að það væri kannski sniðugt að setja í lög að reikningar Ólafíu og félagsins væru aðskildir og setja í lög hvað

Ólafíupeningarnir eiga að fara í. **Ákveðið var að lagabreyting að um tekjur Ólafíu eigi að fara í Ólafíuritið verði tekin fyrir á aukaaðalfundi næsta ár.** Breytingar á grein 8 í lögnum voru samþykktar með lófataki.

Breyting á 8 gr.

Aðalfund skal halda ár hvert eigi síðar en 1. desember. Skal hann boðaður skriflega ásamt dagskrá með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur skal auglýstur á heimasíðu félagsins. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða afgreiðslu mála, nema félagslög kveði á um annað.

8. grein var samþykkt með lófataki

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Kosning fundarstjóra
- 2) Nýir félagar samþykktir
- 3) Skýrsla liðins árs
- 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og **Ólafíu**

.....
9) Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin **annað hvert ár**

.....

Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin

Fundastjóri kynnti næsta dagskrárlið sem var kosning ritstjóra Ólafíu. Rætt var um að það væri erfitt að vinna ritstjórarstarfið ókeypis. Margar hugmyndir voru ræddar um hvernig ætti að standa að þessu og leysa þetta vandamál:

- Ein hugmynd var að tengja útgáfuna við málþing Kristjáns Eldjárns. Út frá málþinginu og þeim erindum sem færu þar fram, myndi ritstjóri halda áfram með efnið og sum erindin yrðu að greinum í Ólafíu.
- Ólafía er okkar eign og okkar ábyrgð en það er erfitt þegar enginn vill vera ritstjóri og fáir vilja skrifa greinar.
- Hugmynd að þema: gripir. Önnur hugmynd: Áfangi í háskólanum; gefa út Ólafíu.
- Ákveðið var að kjósa ekki ritstjóra í þetta skiptið heldur yrði málið tekið fyrir á sérstökum Ólafíufundi eða Auka aðalfundi. Þá yrði að vera komin góð hugmynd og jafnvel hafa tillögur að hugsanlegum ritstjórum. Kosningu frestað fram á næsta ár.

Önnur mál

- a) Úttekt málaflokksins hjá Ríkisendurskoðun
 - a) Skýrsla kemur á næsta ári. Spurt var hvort það væri hægt að komast að því við hverja hann hefur talað. Gestur mun leyfa fólki að fara fara yfir sín svör áður en að skýrsla kemur út og breyta og bæta.
 - b) Kosning endurskoðenda
 - a) Kosning endurskoðendur. Sitjandi endurskoðendur eru Albína Pálsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Albína var endurkjörin og Elín Hreiðarsdóttir bauð sig einnig fram. Þær voru samþykktar með lófataki.
 - c) Kosning í siðanefnd

- a) Fráfarandi meðlimir siðanefndar eru Jakob Orri Jónsson og Birna Lárusdóttir. Þau eru nú bæði meðlimir í stjórn Félags fornleifafræðinga og munu því ekki sitja í siðanefnd lengur. Howell Roberts og Angelos Parigoris buðu sig fram og voru samþykktir með lófataki. Albína Pálsdóttir og Oddgeir Isaksen hafa verið varamenn í siðanefnd og vilja sitja áfram sem varamenn.

Fundi var slitið klukkan 19:10

Eftir fundinn var flutt erindi um fornleifarannsóknir í Dysnesi, af Howell Roberts, Guðrínu Öldu Gísladóttur og Hildi Gestsdóttur.